



Fundargerð aðalfundar VR 26. mars 2025

Formaður VR, Halla Gunnarsdóttir, setti fund kl. 19:30 og bauð fundarfólk velkomið.

1. Kosinn fundarstjóri

Halla lagði til að Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður VR, yrði fundarstjóri fundarins. Ekki komu aðrar uppástungur og tók Guðmundur við stjórn fundarins.

2. Kosinn ritari

Fundarstjóri stakk upp á Steinunni Böðvarsdóttur sem ritara fundarins. Ekki komu aðrar uppástungur og var Steinunn kosin fundarritari.

Fundarstjóri fór því næst yfir fyrirkomulag fundarins. Fundurinn væri haldinn bæði í stað- og fjarfundi og túlkaður á ensku í teams. Kynningar væru á íslensku á fundinum og allar tillögur birtar á ensku á enskri vefsíðu VR um aðalfundinn. Allar upplýsingar varðandi túlkun væri að finna í spjallinu á fjarfundi. Spurningar í kosningum verði bæði á íslensku og ensku.

Fundarstjóri sagði að spurningar sem bornar væru upp á ensku yrðu þýddar á íslensku af fundarstjóra, eða þeim sem svarar ef umræða er hafin, og svarað á íslensku og svör túlkuð á ensku í fjarfundi.

Fundarstjóri úrskurðaði því næst um lögmati fundarins.

Fundurinn var auglýstur auglýstur á vef VR og samfélagsmiðlum frá og með föstudeginum 14. mars. Reikningar, endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðendum og tillögur stjórnar að breytingum á lögum félagsins lágu frammi á skrifstofum félagsins og á vefnum viku fyrir auglýstan aðalfund.

Til fundarins hafi því verið boðað með lögमतum hætti sbr. 23 gr. laga VR.

Fundarstjóri óskaði því næst eftir heimild til að gera dagskrárbreytingu og bæta við lið undir heitinu **Afhending gullmerkis VR**. Það var samþykkt samhljóða.

3. Afhending gullmerkis VR

Fundarstjóri bauð því formanni félagsins að koma og afhenda gullmerki félagsins.

Halla Gunnarsdóttir afhenti þremur einstaklingum gullmerki félagsins.

Jón Hrafn Guðjónsson átti sæti í trúnaðarráði VR í 26 ár og sat í stjórn félagsins árið 2008. Jón var einnig varamaður í stjórn Sjúkrasjóðs VR á þeim tíma. Jón Hrafn var trúnaðarmaður á sínum vinnustað um sjö ára skeið.

Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir sat samfelld í trúnaðarráði í 17 ár og í stjórn VR í átta ár. Hún var ritari stjórnar í þrjú ár. Jóhanna sat í framkvæmdastjórn Orlofssjóðs og var skipuð varamaður í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2009. Jóhanna var trúnaðarmaður í fjögur ár.

Árni Leósson starfaði á skrifstofu VR í rúmlega 32 ár. Hann var ráðinn inn sem starfsgreinafulltrúi en gegndi mörgum störfum fyrir félagið, m.a. veitti hann þjónustusviði og þróunarsviði félagsins forstöðu. Árni var fundarritari stjórnar félagsins í meira en áratug.

Fundargestir fögnuðu gullmerkishöfum með lófataki.

4. Skýrsla stjórnar VR

Formaður VR, Halla Gunnarsdóttir, fór því næst yfir skýrslu stjórnar starfsárið 2024 – 2025 í ávarpi sínu á fundinum. Hún fór yfir aðdraganda að formannsskiptum sem urðu í félaginu í byrjun desember 2024 en þá var fyrrverandi formaður, Ragnar Þór Ingólfsson, kosinn til setu á Alþingi og sagði sig í kjölfarið frá formennsku. Halla var þá varaformaður og tók við starfi formanns. Í kosningum í félaginu í mars 2025 var hún svo kjörin formaður kjörtímabilið 2025 – 2029. Hún þakkaði fyrir traustið og umboðið sem hún fékk í kosningunum.

Í ávarpi sínu sagði Halla síðustu kjarasamninga hafa verið samþykktir af félagsfólki fyrir ári á þeim grunni að verðbólga og vextir myndu lækka og féllst launafólk á lægri launahækkunir en ella með þá von í brjósti að ávinningurinn yrði meiri. Staðan er hins vegar sú að stýrivextir eru enn alltof háir – og sífellt er launahækkunum kennt um verðbólguna. Verðbólgan sem um ræddi átti sér ekki rætur í launahækkunum heldur fyrst og fremst í óstjórn húsnæðismála, sagði Halla, utanaðkomandi áhrifum og gróðasókn íslenskra fyrirtækja sem birtist í háu verði á nauðsynjum. Við verðum að draga lærdóm af síðustu kjarasamningum og mæta til næstu viðræðna vel undirbúin, með skýra sýn og sameinuð.

Þá fjallaði Halla fjallaði um stóru verkefni félagsins í fortíð og framtíð, meðal annars húsnæðismálin en VR úthlutaði 36 leiguíbúðum VR Blævar íbúðafélags til félagsfólks á starfsárinu. Félagið mun áfram vinna í húsnæðismálum, fyrir unga sem aldna, sagði Halla á fundinum. Þá lagði VR aukna áherslu á sí- og endurmenntun á starfsárinu, en fyrr á þessu ári var opnuð vefsíðan Ræktum vitið sem er afrakstur samstarfs við Samtök verslunar og þjónustu og nýtist öllum í leit að upplýsingum um þá símenntunarmöguleika sem standa til boða.

Önnur þróun sem félagið varð vart við svo um munar á árinu er mikil fjölgun félagsfólks með erlent ríkisfang sem nú telja um 17% félaga. VR hefur brugðist við þessu með herferð um inngildingu sem hrint var af stað að frumkvæði jafnréttis- og mannréttindanefndar félagsins. „Við getum hreinlega ekki haldið samfélaginu úti með eingöngu því vinnuafli sem hér hefur fæðst og mælt sín fyrstu orð á íslensku. Þetta er staðreynd og við ætlum að vinna með hana,“ sagði Halla.

Þá gerði Halla gul stéttarfélög og gervistéttarfélög að umtalsefni og sagði þau birtingarmynd tilrauna til niðurbrots á stéttarfélögum. Þar sem stéttarfélög hafi verið brotin á bak aftur búi vinnandi fólk við mun lakari kjör, afkomuóöryggi og jafnvel fátækt þrátt fyrir fulla vinnu. „Þar sem öflugrar verkálýðshreyfingar nýtur ekki við hefur aukin framleiðni undanfarinna áratuga farið í vasa stórfyrirtækja en ekki þeirra sem búa til verðmætin,“ sagði Halla.

Til framtíðar litið sagði Halla að sameining við Leiðsögn, yrði hún samþykkt, myndi hafa í för með sér nokkrar breytingar. Stjórn hafi þegar samþykkt að ráðast í vinnu við endurskoðun á skipulagi félagsins. Tímabært sé að skoða hvort núverandi skipulag þjóni starfseminni og félagsfólki í ólíkum störfum og landsvæðum.

Ávarp formanns er birt í heild sinni á vef félagsins, [sjá hér](#).

Að lokinni skýrslu stjórnar óskaði fundarstjóri eftir því að taka umræðu um skýrsluna og reikninga félagsins saman að lokinni yfirferð um ársreikninginn. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

5. Reikningar félagsins fyrir árið 2024

Framkvæmdastjóri VR, Stefán Sveinbjörnsson, fór yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2024 á glærum.

Ársreikningur 2024 er fulláritaður af PWC og lá frammi á skrifstofum félagsins og var á birtur á vef viku fyrir auglýstan aðalfund.

Fjölgun félagsfólks á milli ára var 1,8% en var 4,4% árið á undan. Á síðustu sjö árum hefur félagsfólki fjölgað um 15%. Afgreiðslum á skrifstofu og símtölum fækkar milli ára en mikil fjölgun er í rafrænum samskiptum, 13,1% fleiri fóru inn á Mínar síður á vr.is árið 2024 en árið á undan.

Rekstrartekjur hækkuðu um 405 m.kr. eða 6,7% en rekstrargjöld um 801 m.kr. eða 13,9%. Hækkun gjalda má einkum rekja til aukningar í dagpeningum og styrkjum úr Sjúkrasjóði sem jukust um 13,7% á sama tíma og iðgjöld í sjóðinn jukust um 6,5%. Afkoma án fjármagnsliða var neikvæð um 57 m.kr. á árinu 2024 og hefur versnað milli ára um 396 m.kr. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 879 m.kr. miðað við 928 m.kr. árið 2023. Rekstrarniðurstaða síðustu sjö ára hefur verið samtals um 5 ma.kr. Eiginfjárlutfall var 82% á árinu sem er svipað og árið á undan. Stefán sagði rekstur félagsins mótast mikið af gengi Sjúkrasjóðs, þ.e. hve mikið er greitt í sjúkradagpeninga ár hvert.

Eignir félagsins í árslok 2024 námu 18.373 m.kr. sem er 7,2% aukning milli ára. Hlutfé í Blæ íbúðafélagið var 570 m.kr. í árslok og framkvæmdalán nam um 1,1 ma.kr.

Fjárfestingastefna félagsins er varfærin, 88% af verðbréfaeign er í skuldabréfum og innlánum en 12% af verðbréfaeign er í hlutabréfum og öðrum fjárfestingum. Nafnávöxtun verðbréfasafns VR var 8,53% á árinu en raunávöxtun 3,29%.

Afkoma sjóða félagsins var jákvæð um 878 m.kr. á árinu, afkoma Sjúkrasjóðs var neikvæð um 113 m.kr. Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum sjóðsins hefur hækkað fjögur ár í röð og er nú 85,6%.

Að lokinni yfirferð Stefáns opnaði fundarstjóri fyrir umræður. Enginn tók til máls og bar fundarstjóri ársreikning félagsins 2024 undir fundinn í rafrænni atkvæðagreiðslu.

Spurningin var svohljóðandi: Samþykkir þú ársreikning VR fyrir árið 2024? Alls sögðu 108 já, 2 sögðu nei og 3 tóku ekki afstöðu. Ársreikningur VR fyrir árið 2024 telst samþykktur.

6. Samþykkt framlag í VR varasjóð

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um framlag í VR varasjóð vegna ársins 2024, svohljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að framlag í VR varasjóð verði samtals 1.050 m.kr. fyrir árið 2024.

Úr félagssjóði koma 300 m.kr., Sjúkrasjóði VR 450 m.kr. og Orlofssjóði VR 300 m.kr.

Til viðbótar koma aukakaup vegna iðgjalda félagsfólks sem eru í vanskilum þegar greitt verður inn í VR varasjóð eftir aðalfund VR 2025.“

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður en enginn tók til máls. Tillagan var lögð fyrir fundinn í rafrænni atkvæðagreiðslu.

Tillagan var samþykkt. Alls sögðu 115 já, 5 sögðu nei og 2 tóku ekki afstöðu.

7. Tillaga stjórnar vegna endurskoðunar styrkveitinga VR

Halla kom í pontu og kynnti tillögu stjórnar um reglugerð VR varasjóðs vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á fyrirkomulagi styrkveitinga VR til félagsfólks en styrkir hafa undanfarna tvo áratugi einkum verið veittir í gegnum VR varasjóð.

VR varasjóður var settur á laggirnar árið 2006 en áður greiddi VR staka styrki eins og tíðkast hjá mörgum stéttarfélögum. Sjóðurinn var stofnaður með það í huga að auka sveigjanleika og koma til móts við athugasemdir um þröng skilyrði styrkja. Lagt er inn í sjóðinn árlega, eftir aðalfund. Inneign í sjóðnum safnar upp milli ára er hún er ekki nýtt.

Halla sagði að umræða um VR varasjóð hafi síðustu ár reglulega komið upp og stjórn hafi nú tekið þá ákvörðun að endurskoða fyrirkomulag styrkja hjá félaginu. Í haust er fyrirhugað að kynna fyrir félagsfólki kosti og galla tveggja valkosta, VR varasjóðs og hefðbundins styrkjafyrirkomulag og leggja málið svo í dóm félagsfólks í atkvæðagreiðslu.

Fyrir aðalfundi liggur að veita heimild fyrir því að fella úr gildi reglugerð VR varasjóðs, ef félagsfólk samþykkir upptöku nýs styrkjakerfis í atkvæðagreiðslunni, en eingöngu má gera breytingar á reglugerðinni eða fella hana úr gildi á aðalfundi.

Tillagan er svohljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að reglugerð um VR varasjóð falli úr gildi samþykki félagsfólks VR upptöku nýs styrkjakerfis í allsherjaratkvæðagreiðslu á starfsárinu.“

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður.

Valgerður Guðjónsdóttir spurði hvernig farið verði með inneign félagsfólks ef nýtt styrkjakerfi verður tekið upp. Halla svaraði að sé til staðar inneign, geti félagsfólk sótt um og klárað sína inneign.

Tillagan var lögð fyrir fundinn í rafrænni atkvæðagreiðslu.

Tillagan var samþykkt. Alls sögðu 106 já, 21 sagði nei og 3 tóku ekki afstöðu.

8. Tillaga stjórnar að sameiningu VR og Leiðsagnar – félags leiðsögumanna

Halla kom í pontu og kynnti tillögu stjórnar um sameiningu VR og Leiðsagnar. Hún sagði að Leiðsögn hafi leitað til VR um sameiningu og að skrifað hafi verið undir samning þar að lútandi, að fengnu samþykki aðalfunda beggja félaga. Hún sagði frá því að Leiðsögn hafi borið sameininguna undir félagsfólk í atkvæðagreiðslu og hafi hún verið samþykkt með miklum meirihluta atkvæða.

Í Leiðsögn eru um 1.100 félagar, mikill meirihluti þeirra er sjálfstætt starfandi við leiðsögu. Leiðsögufólk starfar samkvæmt samningi við Samtök atvinnulífsins, ekki kjarasamningi VR, og verður ekki breyting á því við sameiningu. Halla benti á ferðapjónustan hafi stækkað mikið að umfangi síðustu ár, störfum hefur fjölgað um 56% í einkennandi greinum ferðapjónustunnar á tíu árum. Nú starfa um 30.000 í einkennandi greinum ferðapjónustunnar, um 5000 VR-ingar eða um 17% í greininni.

Sameining mun ekki hafa bein áhrif á félagsfólk VR, sagði Halla, og sameiningu fylgir ekki aukakostnaður fyrir VR. Það er mikilvægt að starfsfólk í ferðapjónustu eigi aðild að sterkum stéttarfélögum, sagði Halla, sameining styrkir ekki bara leiðsögufólk heldur allt launafólk í greininni, óháð starfi.

Tillagan er svohljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir sameiningu VR og Leiðsagnar – félags leiðsögumanna samkvæmt samningi sem undirritaður var þann 12. mars 2025.“

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður.

Gísli Jafetsson benti á að hjá Leiðsögn hafi sameining verið borin undir félagsfólk í atkvæðagreiðslu en hjá VR sé það fundurinn sem taki ákvörðun og honum reiknist til að það séu 0,3% félagsfólks. Hann spurði um kostnað og orð formanns, benti á að stofnuð yrði deild innan VR og sett á laggirnar samninganefnd. Gísli kom aftur í pontu síðar þegar rætt var um möguleika á eflingu vinnueftirlits í ferðapjónustu með sameiningunni, og benti á að það hljóti að vera hlutverk ASÍ að sinna því. VR eigi stórt hlutverk fyrir höndum eigi félagið að sinna öllu því sem rætt er um að félagið sinni eftir sameiningu.

Sólveig Dagmar Þórisdóttir sagðist styðja heilshugar sameininguna, það muni styrkja stöðu leiðsögufólks. Sameining sé mikilvæg til að vernda þjóðarmenningu og íslenska tungu sem sé eitt það mikilvægasta í starfi leiðsögufólks á Íslandi. Um það sé verið að greiða atkvæði á þessum fundi. Félagsfólk Leiðsagnar hafi valið að leita til VR, réttindabaráttu leiðsögufólks sé réttindabaráttu allra í ferðapjónustunni. Menntun leiðsögufólks sé afar mikilvægt og fagleg þekking, halda þurfi utan um þessa þætti. Sólveig kom aftur upp í pontu síðar í umræðum og ítrekaði þessa afstöðu sína og bætti við að brýnt væri að taka á réttindabrotum í ferðapjónustunni.

Guðmundur Ásgeirsson gerði athugasemd við hvernig staðið var að kynningu á sameiningunni fyrir félagsfólki VR, hann hafi ekki orðið var við að verið væri að kynna þetta fyrir VR félögum. Leiðsögn hafi haldið félagsfundi og kynnt þessar hugmyndir ítarlega. Hér sé um að ræða stórt mál, hann hefði talið eðlilegt að félagsfólk VR eins og félagsfólk Leiðsagnar fengi að greiða atkvæði um þetta.

Davíð Hrólfsson sagði frá reynslu sinni í samninganefnd Leiðsagnar og sagði mikilvægt fyrir félagið að sameinast öflugum félagi eins og VR. Þegar VR kom inn í kjarasamningaviðræðurnar með Leiðsögn hafi komið inn mikilvæg fagþekking á því sviði. Sameining muni styrkja mjög stöðu leiðsögufólks í næstu kjarasamningaviðræðum.

Drífa Snædal sagði stöðu leiðsögufólks hafa tekið gríðarlegum breytingum á síðustu árum. Umræða um sameiningu snýr að ábyrgð VR gagnvart vinnumarkaðnum og ferðapjónustunni. Ferðageirinn sé enn að reyna að finna sína fjöl í atvinnulífinu, þar eru undirboð flest og mesta harkhagkerfið. Ef VR geti lagt lið, vonist hún til þess að hægt verði að efla vinnustaðaeftirlit samhliða sameiningu.

Jónas Yngvi Ásgrímsson benti á að einungis um 400 félagar í Leiðsögn væru greiðandi launafólk. Stjórn VR, sem Jónas á sæti í, hafi lagt fram tillögu um sameiningu en með því verði VR sterkara stéttarfélag í ferðapjónustunni, Verið sé að sameina leiðsögufólk í eitt stéttarfélag.

Bára Kristín Pétursdóttir hvatti til sameiningar. Hér sé um að ræða stærstu atvinnugrein á landinu og leiðsögufólk sé andlit hennar. Í greininni séu vandamál með undirboð og fleira sem hafi áhrif langt út fyrir greinina. Hún benti á að fjöldi verktaka sé í greininni sem ekki séu að greiða í stéttarfélag, þessi sameining miði m.a. að því að sameina leiðsögufólk.

Valgerður Guðjónsdóttir steig í pontu og tók undir orð þeirra sem hafi talað fyrir sameiningu. Það sé nauðsynlegt fyrir Leiðsögn, sem hingað til hafi lítið verið hlustað á, að sameinast VR.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, svaraði spurningum um kostnað vegna sameiningar. Kostnaður við rekstur deildar leiðsögufólks verði ekki mikill, Leiðsögn fylgi fjármunir inn í sameininguna og verði sameining ekki fjárhagslegur baggi á VR, hægt sé að sinna aukinni þjónustu og starfsemi fyrir þá fjármagn sem kemur inn. Hvað varðar að leggja sameiningu undir aðalfund sagði Stefán að VR hafi haft þennan hátt á við aðrar sameiningar. Hér sé um að ræða mun minna félag, breytingarnar sem verða snerta mjög félagsfólk Leiðsagnar sem ekki verður lengur sjálfstætt félag. Markmið með sameiningu sé að sameina leiðsögufólk í eitt félag og styrkja stöðu alls launafólks í ferðapjónustu. Leiðsögn og leiðsögufólk hafi sterka rödd þegar kemur að þróun ferðapjónustunnar, VR vilji vera öflugt stéttarfélag innan þessa atvinnuvegar.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, fagnaði umræðunni um sameininguna, það sé mikilvægt að ræða öll sjónarmið sem fram komu. Þetta hafi verið niðurstaða stjórnar, að leggja til sameiningu. Leiðsögn sé ekki fullburða stéttarfélag, spurningin hafi verið þessi; hvert á félagið að leita til að

tryggja stöðu sinna félaga? Um fimm þúsund VR félagar starfi innan ferðaþjónustunnar, þar af fjöldi leiðsögumanna sem taki laun samkvæmt kjarasamningi Leiðsagnar en ekki VR. Með sameiningu geti VR veitt sínum félögum betri þjónustu, stutt betur við þá og orðið öflugra stéttarfélag í þessari atvinnugrein. Við getum ekki snúið baki við félagsfólki Leiðsagnar, sagði Halla, það kann að leiða til frekari réttindabrota á vinnumarkaði sem bitnar að lokum á öllu launafólki.

Tillagan var lögð fyrir fundinn í rafrænni atkvæðagreiðslu.

Tillagan var samþykkt. Alls sögðu 85 já, 46 sögðu nei og 7 tóku ekki afstöðu.

9. Lagabreytingar

Fundarstjóri bauð formanni laganefndar VR, Kristjönu Þorbjörgu Jónsdóttur, að kynna tillögur stjórnar að breytingum á lögum félagsins. Kristjana kynnti eftirfarandi breytingar (viðbætur, breytingar í rauðu):

Tillaga nr. 1

1. gr. Heiti og starfssvæði

Núverandi hljóðan:

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness, Hvalfjarðarsveitar, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Múlaþings, Fljótshlíahrepps og Fjarðabyggðar. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Verður:

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunarfólks, þjónustufólks, skrifstofufólks, **leiðsögufólks, sérfræðinga og stjórnenda**. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness, Hvalfjarðarsveitar, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Múlaþings, Fljótshlíahrepps og Fjarðabyggðar. **Félagssvæði leiðsögufólks í VR nær yfir allt landið.** Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Tillaga nr. 2

2. gr. Tilgangur, 1 mgr.

Núverandi hljóðan:

Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks, sérfræðinga og stjórnenda á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála er verða mega til aukinna réttinda og menningar og bættra kjara launafólks í landinu.

Verður:

Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunarfólks, þjónustufólks, skrifstofufólks, **leiðsögufólks, sérfræðinga og stjórnenda** á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála er verða mega til aukinna réttinda og menningar og bættra kjara launafólks í landinu.

Tillaga nr. 3

3. gr. Félagsaðild , 1 mgr.

Núverandi hljóðan:

Félagið er opið öllu verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólki, sérfræðingum og stjórnendum, háskólamenntuðum sem öðrum.

Verður:

Félagið er opið öllu verslunarfólki, þjónustufólki, skrifstofufólki, **leiðsögufólki, sérfræðingum og stjórnendum, háskólamenntuðum sem öðrum.**

Í fyrstu þremur tillögum er skerpt á því hver getur verið félagi í VR en í dag segir að félagsfólk geti þau verið sem starfa við verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörf. Í ljósi breytinga á vinnumarkaði og aukinnar menntunar leggur nefndin til að hnykkt sé á því að sérfræðingar og stjórnendur geti verið félagar sem og háskólamenntaðir. Þá er, í ljósi sameiningar við Leiðsögn, leiðsögufólki bætt við lista yfir starfsheiti. Þar sem leiðsögufólk er með starfsemi sína um allt land, er félagssvæði VR þegar kemur að leiðsögufólki sagt allt landið.

Tillaga nr. 4

3. gr. Félagsaðild, 9. mgr.

Núverandi hljóðan:

Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagar í VR með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu. Sjálfstætt starfandi og/eða eigendur fyrirtækja eiga ekki rétt á að greiða atkvæði um kjarasamninga eða verkföll.

Verður:

Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagar í VR með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða. **Sjálfstætt starfandi njóta ekki kjörgengis í félaginu en geta boðið sig fram til setu í stjórn deildar leiðsögufólks.** Sjálfstætt starfandi og/eða eigendur fyrirtækja eiga ekki rétt á að greiða atkvæði um kjarasamninga eða verkföll.

Stór hluti leiðsögufólks sem mun mynda deild leiðsögufólks í VR er sjálfstætt starfandi. Það er mikilvægt að sjálfstætt starfandi leiðsögufólk geti tekið virkan þátt í starfi deildarinnar en þar sem sjálfstætt starfandi í VR njóta almennt ekki kjörgengis samkvæmt 3. gr. laga félagsins, er lagt til að leiðsögufólk sem starfar sjálfstætt fái undanþágu frá því ákvæði þegar kemur að setu í stjórn deildar leiðsögufólks.

Tillaga nr. 5

3. gr. Félagsaðild, 2. mgr.

Núverandi hljóðan:

Félagsfólk geta þau orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launafólk eða eru sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði.

Verður:

Félagsfólk geta þau orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launafólk **og starfa eftir kjarasamningum VR** eða eru sjálfstætt starfandi á **starfssviði VR.**

Félagsaðild byggir á starfssviði VR samkvæmt 2. og 3. greinum laganna. Stjórn vill hnykkja á þessari kröfu þannig að félagsfólk starfi samkvæmt þeim kjarasamningum sem félagið semur um.

Tillaga nr. 6

3. gr. Félagsaðild, 3 mgr.

Núverandi hljóðan:

Félagsfólk sem missir starf sitt á vinnumarkaði getur áfram verið félagsfólk gegn greiðslu félagsgjalds af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sjóðurinn hefur milligöngu um að skila til VR. Hafi það ekki verið félagar í VR við upphaf atvinnuleysisbótagreiðslna skal það hafa greitt félagsgjald til VR að lágmarki í 36 mánuði á síðustu 5 árum fyrir umsókn atvinnuleysisbóta.

Verður:

Félagsfólk sem missir starf sitt á vinnumarkaði getur áfram verið félagsfólk gegn greiðslu félagsgjalds af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sjóðurinn hefur milligöngu um að skila til VR. Hafi það ekki verið félagar í VR við upphaf atvinnuleysisbótagreiðslna skal það hafa greitt félagsgjald til VR að lágmarki í 36 mánuði á síðustu 5 árum fyrir umsókn atvinnuleysisbóta. **Sama á við um þau sem fá greiðslur úr fæðingarorlofssjóði.**

Stjórn leggur til að félagsfólk sem er í fæðingarorlofi njóti sama réttar og þau sem fá greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Tillaga nr. 7

6. gr. Úrsögn, 2 mgr.

Núverandi hljóðan:

Fella skal burt af félagaskrá hvern þann féлага sem hverfur sem starfskraftur frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum eða tekur að stunda atvinnu sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага.

Verður:

Fella skal burt af félagaskrá hvern þann féлага sem ~~hverfur sem starfskraftur frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum eða~~ tekur að stunda atvinnu sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага.

Í ljósi tillagna þar sem skerpt er á starfssviði félagsfólks VR í nokkrum ákvæðum laganna, er lagt til að hér verði ekki tilgreint starfssvið heldur að fella skuli af félagaskrá hvern þann sem tekur að stunda atvinnu sem ekki fellur undir starfssvið VR heldur annarra stéttarféлага.

Tillaga nr. 8

10. gr. Stjórn

Núverandi hljóðan:

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og þrír til vara. Formaður skal kosinn til fjögurra ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir sjö í einu til fjögurra ára og annað hvert ár ganga sjö úr stjórninni á víxl. Varamenn skulu kosnir til tveggja ára í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur. Stjórnin kys sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum. Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið.

Verður:

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og þrír til vara. Formaður skal kosinn til fjögurra ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir sjö í einu til fjögurra ára og annað hvert ár ganga sjö úr stjórninni á víxl. Varamenn skulu kosnir til tveggja ára í senn. **Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir.**

Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur. Stjórnin kys sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum. Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið.

Kristjana benti á að ákvæði um að stjórnarmaður víki ef viðkomandi starfar ekki lengur á starfssviði VR sé tvítekið í lögunum, í 10. gr. en einnig í 11. gr. Ekki er um efnislega breytingu að ræða. Því er lagt til að þetta verði felld úr 10. gr. en standi óbreytt í 11. gr.

Tillaga nr. 9

11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Núverandi hljóðan:

Stjórnarmenn skv. 10. gr. og, ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu starfa á starfssviði VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. fimm árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Það sama á við þó eignarhlutur þeirra sé undir 5%, fari maki stjórnarmanns eða börn hans með ráðandi hlut í slíku fyrirtæki. Stjórnarmenn mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn sæti í þeirra stað til loka kjörtímabilsins. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. 3. mgr., 20.3. gr., að teknu tilliti til 7. mgr. sömu greinar.

Verður:

Stjórnarmenn skv. 10. gr. og, ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu starfa á starfssviði VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. fimm árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Það sama á við þó eignarhlutur þeirra sé undir 5%, fari maki stjórnarmanns eða börn hans með ráðandi hlut í slíku fyrirtæki. Stjórnarmenn mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu **eða segja sig frá stjórnarsetu** víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn sæti í þeirra stað **fram að næstu kosningum til stjórnar**. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. **4. mgr., 20.3. gr.**, að teknu tilliti til 7. mgr. sömu greinar.

Krafa um að stjórnarmenn/formaður víki tafarlaust úr stjórn vísar einungis til þeirra sem missa hæfi sitt, miðað við þær hæfiskröfur sem tilgreindar eru í greininni. Sömu kröfu, um að stjórnarmaður víki sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn, verður að gera til stjórnarmanns sem segir sig frá stjórnarsetu, viðkomandi verður að víkja tafarlaust, eins og eðlilegt getur talist. Því er lagt til að bæta því við í greinina.

Þá er einnig lagt til að varamenn taki sæti stjórnarmanna sem ber að víkja úr stjórn og þeir sitji fram að næstu kosningum til stjórnar, óháð kjörtímabili stjórnarmanna sem um ræðir. Ef kjörtímabil þess stjórnarmanns sem hættir er ekki lokið þegar kemur að næstu stjórnarkosningum, eru fleiri aðalmenn kosnir í samræmi við lengd kjörtímabils þess sem hættir í stjórn.

Í síðustu setningu greinarinnar er röng tilvísun í 3 mgr., 20.3 gr. og er það leiðrétt hér.

Tillaga nr. 10

13. gr. Stjórnarfundir, 1.mgr.

Núverandi hljóðan:

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skal það sem á fundunum gerist skráð í sérstaka gerðarbók. Fundur er lögmætur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Formaður sér um að boða til funda og stjórnar þeim. Formaður sér um að gerðarbók sé rituð og hún varðveitt með öruggum hætti.

Verður:

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skal það sem á fundunum gerist skráð í **fundargerðarbók, í samræmi við starfsreglur stjórnar hverju sinni**. Fundur er lögmætur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Formaður sér um að boða til funda og stjórnar þeim. **Ritari stjórnar** sér um að **fundargerðir séu ritaðar** og **varðveittar** með öruggum hætti.

Í starfsreglum stjórnar er kveðið á um hvernig rita skuli fundargerðir. Hér er gerð tillaga um að færa orðalag málgreinarinnar nær því sem fram kemur í starfsreglum stjórnar en þar segir að rita skuli fundargerðir í fundargerðarbók. Þar segir jafnframt, um hlutverk ritara, að hann gæti þess að fundargerðir séu ritaðar og varðveittar og er einnig lagt til að því verði breytt til samræmis við reglurnar.

Tillaga nr. 11

14. gr. Trúnaðarráð, 2.mgr.

Núverandi hljóðan:

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, varastjórnar, stjórnar Ungliðaráðs, formanns Öldungadeildar stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til fjögurra ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k. 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.

Verður:

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, varastjórnar, **Ungliðaráðs og formanns Öldungaráðs** stjórnir deilda sem verða til við sameiningu **VR og** annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til fjögurra ára í senn. **Njóti formaður Öldungaráðs ekki kjörgengis samkvæmt. 3. gr. laga VR, skal viðkomandi hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum trúnaðarráðs, en ekki atkvæðisrétt.** Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar **eftir því sem þurfa þykir eða þegar a.m.k. fjórir stjórnarmenn eða 15 fulltrúar úr trúnaðarráði krefjast fundar skriflega.**

Hér er leiðrétt samþykkt frá aðalfundi 2024 og lagt til að Ungliðaráð fái aðild að trúnaðarráði í heild þar sem Ungliðaráð hefur ekki eiginlega stjórn. Í öðru lagi er leiðrétt að fulltrúi eldri félaga í ráðinu er formaður Öldungaráðs en ekki Öldungadeildar.

Eldri félagar í VR, samkvæmt skilgreiningu 3. gr. laganna, hafa ekki kjörgengi til trúnaðarráðs en geta boðið sig fram til Öldungaráðs samkvæmt reglum ráðsins. Formaður Öldungaráðs er hins vegar sjálfkrafa í trúnaðarráði. Hér er lagt til að í þeim tilfellum þegar formaður Öldungaráðs er eldri félagi skv. skilgreiningu í 3. gr. laga VR, hafi viðkomandi bæði málfrelsi og tillögurétt á fundum trúnaðarráðs en ekki atkvæðisrétt.

Þá er lagt til að festa ekki fjölda funda ráðsins og skilgreina betur forsendur fundarboðunar.

Tillaga nr. 12

15. gr. Deildir

Núverandi hljóðan:

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum /atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsfólks í starfsgreinum / atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/ atvinnugreinarnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á deildarfundi. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki þremur aðilum sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarinnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

Verður:

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum /atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsfólks í starfsgreinum / atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/ atvinnugreinarnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á **ársfundi**. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki þremur aðilum sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er **tvö** ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan **deildarinnar**. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

Hér er gerð sú breyting að stjórn deildar sé kosin á ársfundi en ekki deildarfundi, og er það til að samræma lögin við framkvæmd kosninga í deildum. Önnur breytingin varðar lengd kjörtímabils stjórnar deilda og leggur stjórn til að það verði tvö ár í stað fjögurra, eins og samþykkt var á síðasta aðalfundi.

Þá er lögð til leiðrétting á orðalagi setningar sem varðar ráðstöfun fjármuna deildarinnar en þar segir að stjórn hafi fé til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarinnar. Hið rétta er að stjórnir deilda geta ráðstafað þessu fjármagni til fræðslu- og menningarmála innan deildarinnar.

Tillaga nr. 13

20.1. gr. Um kosningu formanns og stjórnar, 1. mgr.

Núverandi hljóðan:

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu fjórða hvert ár. Árlega skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og þrír varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu.

Verður:

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu fjórða hvert ár. **Annað hvert ár** skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og þrír varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu.

Þau mistök urðu þegar gerðar voru breytingar á kjörtímabili forystu félagsins á aðalfundi 2024 að þessi málsgrein var ekki uppfærð í takt við þær breytingar. Það er leiðrétt hér.

Tillaga nr. 14

20.2. gr. Um kosningu í trúnaðarráð, 1. mgr.

Núverandi hljóðan:

Annað hvert ár skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til fjögurra ára í senn. Missi trúnaðarráðsliði hæfi til setu í ráðinu sbr. 3 mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn umfram 41

sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast þannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til eins árs.

Verður:

Annað hvert ár skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til fjögurra ára í senn. Missi trúnaðarráðsliði hæfi til setu í ráðinu sbr. 3 mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn umfram 41 sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast þannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til **tveggja ára**.

Þau mistök voru gerð þegar gerðar voru breytingar á kjörtímabili forystu félagsins á aðalfundi 2024 að þessi málsgrein var ekki uppfærð í takt við þær breytingar. Það er leiðrétt hér.

Tillaga nr. 15

20.3. gr. Um framkvæmd kosninga, 4. mgr.

Núverandi hljóðan:

Framboðum skal skila á skrifstofur félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félaga þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félaga þarf vegna framboðs til formanns.

Verður:

Framboðum skal skila **til kjörstjórnar** og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félaga þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félaga þarf vegna framboðs til formanns. **Framboðsgögnum má skila til kjörstjórnar á pappírsmáli á skrifstofur félagsins eða rafrænt.**

Framboðum skal skila til kjörstjórnar og er það ítrekað í þessari breytingu. Þá er hér lagt til að framboðsgögnum megi skila á pappírsmáli og þá á skrifstofur félagsins um landið eða á rafrænu formi, þ.e. gögnin séu skönnuð og send rafrænt til kjörstjórnar.

Tillaga nr. 16

20.3. gr. Um framkvæmd kosninga, 10. mgr.

Núverandi hljóðan:

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Verður:

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf **kosninga**. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Um framkvæmd kosninga til forystu í VR fer samkvæmt reglugerð ASÍ. Í 11. gr. reglugerðarinnar segir: „Atkvæðagreiðsla skal standa yfir a.m.k. í 3 sólarhringa.“ Því er ekki um að ræða einn kjördag heldur að lágmarki þrjá. Hér er lagt til að málsgreinin verði uppfærð skv. reglugerð ASÍ og orðinu kjördagur breytt til samræmis.

Tillaga nr. 17

21. gr. Kjör á þing LÍV og ~~ársfund~~ ASÍ

Núverandi hljóðan:

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og ársfund Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Komi til allsherjaratkvæðagreiðslu um lista fulltrúa þarf

samþykki allra þeirra sem á listanum eru að liggja fyrir. Til að listi sem borinn er fram gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR sé löglega fram borinn þarf hann skrifleg meðmæli 1% félagsfólks. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.

Verður:

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og þing Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Komi til allsherjaratkvæðagreiðslu um lista fulltrúa þarf samþykki allra þeirra sem á listanum eru að liggja fyrir. Til að listi sem borinn er fram gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR sé löglega fram borinn þarf hann skrifleg meðmæli 1% félagsfólks. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.

Alþýðusamband Íslands heldur þing annað hvert ár en ekki ársfund og er það uppfært hér, bæði í heiti greinarinnar og texta.

Tillaga nr. 18

23. gr. Aðalfundir

Núverandi hljóðan:

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með tíu daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn er heimilt að halda aðalfund með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarfólks hvort sem það sækir fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsfólks á slíkum rafrænum aðalfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Verður:

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok mars ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með tíu daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn er heimilt að halda aðalfund með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarfólks hvort sem það sækir fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsfólks á slíkum rafrænum aðalfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Í lögum VR, 9. mgr., 20.3. gr. Um framkvæmd kosninga, segir „Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15. mars ár hvert.“ Í lögum VR, 23. gr. Aðalfundir, segir „Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram.“ Ljóst er að aðalfund skal alltaf halda í mars og er það leiðrétt hér.

Tillaga nr. 19

24. gr. Dagskrá aðalfundar

Núverandi hljóðan:

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn ritari.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
4. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
6. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs.

7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
10. Önnur mál.

Verður:

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn ritari.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
4. Reikningar félagsins fyrir liðið **almanaksár** lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
6. Lýst kjöri **formanns**, stjórnar og trúnaðarráðs, **þegar við á**.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
10. Önnur mál.

Kristjana benti á að reikningar félagsins, sem eru lagðir fram á aðalfundi til samþykktar, miða við almanaksárið, ekki starfsár stjórnar. Þá er kjöri formanns er lýst á aðalfundi, þegar formannskosning fer fram, og er hér lagt til að tilgreina það í dagskrá aðalfundar þegar hann er auglýstur, þegar það á við.

Tillaga nr. 20

25. gr. Félagsfundir, 2. mgr.

Núverandi hljóðan:

Heimilt er stjórn að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágríp af því sem fram fer á fundum félagsins. Stjórn er heimilt að halda félagsfundi með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarfólks hvort sem það sækir fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsfólks á slíkum rafrænum félagsfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.

Verður:

Heimilt er stjórn að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. **Fundargerðarbók** skal haldin og í hana ritað ágríp af því sem fram fer á fundum félagsins. Stjórn er heimilt að halda félagsfundi með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarfólks hvort sem það sækir fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsfólks á slíkum rafrænum félagsfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.

Lagðar hafa verið til breytingar á 6. gr. um stjórnarfundi þar sem fjallað er um ritun fundargerða. Hér er lagt til að samræmis verði gætt og talað um fundargerðarbók en ekki gjörðabók í þessari grein.

Að lokinni kynningu Kristjönu opnaði fundarstjóri fyrir umræður.

Í umræðum var rætt um tillögu nr. 3 þar sem kveðið er á um að félagið sé opið háskólamenntuðum sem öðrum, þ.e. hvort tiltaka þurfi háskólamenntun. Þá spurði Gísli Jafetsson um stöðu formanns Öldungaráðs í trúnaðarráði í ljósi ákvæðis í lögunum um kjörgengi.

Halla svaraði umræðu um menntun á þann veg að sótt væri að háskólamenntuðum félögum VR á þeim forsendum að þeir ættu heima í öðrum félögum, sem ekki væri nein stoð fyrir. Varðandi stöðu formanns Öldungaráðs skýrði Halla þá tillögu en hún snýr að stöðu formanns ef viðkomandi er eldri félagi. Í þeim tilfellum hefur viðkomandi ekki atkvæðisrétt. Ef formaður ráðsins hefur kjörgengi, hefur hann atkvæðisrétt í trúnaðarráði.

Að umræðum loknum lagði fundarstjóri tillögur stjórnar um breytingar á lögum fyrir fundinn til samþykkis. Notast var við handauppréttingu í atkvæðagreiðslunni. Allar tillögurnar, 20 talsins, voru samþykktar samhljóða en kosið var um hverja og eina tillögu sér.

Þá voru lög in í heild lögð fyrir fundinn til samþykktar. Atkvæði voru greidd með handauppréttingu. Spurningin var svohljóðandi: Samþykkir þú lög VR með áorðnum breytingum?

Lögin voru samþykkt samhljóða.

Lög VR með samþykktun breytingum aðalfundar 2025 eru sem hér segir:

1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunarfólks, þjónustufólks, skrifstofufólks, leiðsögufólks, sérfræðinga og stjórnenda. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness, Hvalfjarðarsveitar, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Múlaþings, Fljótsdalshrepps og Fjarðabyggðar. Félagssvæði leiðsögufólks í VR nær yfir allt landið. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunarfólks, þjónustufólks, skrifstofufólks, leiðsögufólks, sérfræðinga og stjórnenda á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála er verða mega til aukinna réttinda og menningar og bættra kjara launafólks í landinu.

Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsfólk sitt og kemur fram fyrir hönd þess gagnvart stjórnvöldum og öðrum, að því er varðar hagsmuni félagsfólks

3. gr. Félagsaðild

Félagið er opið öllu verslunarfólki, þjónustufólki, skrifstofufólki, leiðsögufólki, sérfræðingum og stjórnendum, háskólamenntuðum sem öðrum.

Félagsfólk geta þau orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launafólk og starfa eftir kjarasamningum VR eða eru sjálfstætt starfandi á starfssviði VR.

Félagsfólk sem missir starf sitt á vinnumarkaði getur áfram verið félagsfólk gegn greiðslu félagsgjalds af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sjóðurinn hefur milligöngu um að skila til VR. Hafi það ekki verið félagar í VR við upphaf atvinnuleysisbótagreiðslna skal það hafa greitt félagsgjald til VR að lágmarki í 36 mánuði á síðustu 5 árum fyrir umsókn atvinnuleysisbóta. Sama á við um þau sem fá greiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

Félagsfólk sem hættir störfum á vinnumarkaði vegna örorku getur verið áfram félagsfólk, þó án þess að njóta kjörgengis í félaginu, gegn greiðslu félagsgjalds til VR hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélaga. Skal það hafa verið félagsfólk í VR óslitið í 5 ár áður en til örorku

kom og skal greiðsla félagsgjalda með þessum hætti hefjast eigi síðar en innan 12 mánaða frá fyrstu greiðslu örorkulífeyris.

Eldra félagsfólk sem fær greiddan ellilífeyri og hefur verið í félaginu í a.m.k. 5 ár samfelld fyrir töku eftirlauna telst áfram félagsfólk í VR en nýtur ekki kjörgengis.

Þau sem hverfa frá störfum um stundarsakir vegna náms eða veikinda geta nýtt sér áunninn rétt við inngöngu að nýju, skv. nánari reglum félagsins.

Fullgilt félagsfólk geta þau orðið sem:

1. Náð hafa 16 ára að aldri.
2. Eru skuldlaus við félagið eða önnur stéttarfélög.
3. Eru greiddandi og hafa greitt lágmarksfélagsgjald á undangengnum 12 mánuðum sbr. 9. gr., þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lögum þessum, og staðfest hafa aðild sína að félaginu skv. nánari ákvæðum laga þessara.
4. Unglingar geta orðið félagsfólk þó þeir hafi ekki náð 16 ára aldri en njóta þó ekki kjörgengis í félaginu.

Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagar í VR með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða. Sjálfstætt starfandi njóta ekki kjörgengis í félaginu en geta boðið sig fram til setu í stjórn deildar leiðsögufólks. Sjálfstætt starfandi og/eða eigendur fyrirtækja eiga ekki rétt á að greiða atkvæði um kjarasamninga eða verkföll.

Sjálfstætt starfandi teljast þau sem ber að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattayfirvalda auk þeirra sem skráð eru sem launafólk hjá eigin fyrirtæki, enda hafa þau þannig ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Þar sem sjálfstætt starfandi og/eða fjölskyldumeðlimur rekstraraðila teljast hafa ráðandi stöðu skulu iðgjöld þeirra ávallt vera greidd og í skilum ef sækja á þjónustu til VR eða réttindi í sjóðum félagsins.

Fullgildur félagi sem byggir fullgilda aðild sína á greiðslu iðgjalda af þóknun fyrir setu í stjórn eða ráðum á vettvangi félagsins eða fyrir þess hönd að hluta eða öllu leyti nýtur ekki kjörgengis. Ákvæði þetta tekur ekki til kjörinna fulltrúa sem jafnframt eru starfskraftar félagsins.

4. gr. Innganga í félagið

Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að félaginu með inntökubeiðnum eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild nýs félaga að félaginu skal staðfest af skrifstofu félagsins árlega og skal félagið senda viðkomandi tilkynningu um staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar telst hann orðinn félagi. Ekki er þörf sérstakrar staðfestingar ef viðkomandi hefur áður greitt til félagsins.

Um iðgjöld þeirra sem ekki kjósa að gerast félagsfólk gilda ákvæði kjarasamninga félagsins á hverjum tíma. Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs. Nýjum félögum og sjálfstætt starfandi sem óska aðildar að félaginu er skylt að veita upplýsingar um starfssvið, áætlaðar tekjur og gögn frá opinberum aðilum til staðfestingar á tekjum sé þess óskað.

5. gr. Réttindi og skyldur

Réttindi félagsfólks eru:

1. Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins. Atkvæðisréttur um kjarasamninga félagsins er bundinn þeim sem starfa samkvæmt þeim kjarasamningi sem kosið er um hverju sinni.
2. Allt fullgilt félagsfólk hefur kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins, þó með þeim undantekningum sem getið er um í 3.gr.
3. Réttur til styrkja og greiðslna úr sjóðum félagsins í samræmi við reglur þeirra.
4. Réttur til að vinna þau störf sem kjarasamningar taka til.
5. Réttur til afnota af sameiginlegum eignum eftir nánari reglugerðum og reglum félagsins, s.s. orlofshúsum, tjaldvögnum o.fl.
6. Réttur til aðstoðar félagsins við vanefndir atvinnurekanda á starfskjörum.

Skyldur félagsfólks eru:

1. Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og halda í einu og öllu samninga sem félagið hefur gert.
2. Að greiða félagsgjald.

6. gr. Úrsögn

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og send skrifstofu félagsins. Ekki er hægt að segja sig úr félaginu eftir að kröfugerð í vinnudeilu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara og þar til samningar hafa náðst. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmeðlima innan Landssambands íslenskra verzlunarmanna og Alþýðusambands Íslands sem lagt hafa niður vinnu vegna vinnudeilu.

Fella skal burt af félagaskrá hvern þann féлага sem tekur að stunda atvinnu sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага.

7. gr. Brottvikning

Stjórn félagsins getur vikið úr félaginu þeim, sem að hennar áleti brýtur lög félagsins, samninga þess við atvinnurekendur eða vinnur gegn hagsmunum þess. Ákvörðun stjórnar er heimilt að vísa til úrskurðar trúnaðarráðs. Til samþykkis slíkrar brottvikningar þarf 2/3 greiddra atkvæða, hvort sem er á trúnaðarráðsfundi eða stjórnarfund. Brottvikningu skal ekki beitt nema sakir séu miklar eða brot sem áminnt hefur verið fyrir, verið ítrekað. Áður en til brottvikningar kemur skal féлага gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við stjórn.

8. gr. Heiðursfélagar - gullmerki

Stjórn félagsins er heimilt að velja heiðursféлага og sæma fólk gullmerki félagsins. Heiðursfélagar eru undanskildir félagsgjaldi.

9. gr. Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður félagsgjaldið hverju sinni. Þó er heimilt að innheimta félagsgjaldið sem hundraðshluta af launum af sama grunni og iðgjald til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og kveða á um lágmarksfélagsgjald.

10. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og þrír til vara. Formaður skal kosinn til fjögurra ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir sjö í einu til fjögurra ára og annað hvert ár ganga sjö úr stjórninni á víxl. Varamenn skulu kosnir til tveggja ára í senn. Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur. Stjórnin kys sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum. Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið.

11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10. gr. og, ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu starfa á starfssviði VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. fimm árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Það sama á við þó eignarhlutur þeirra sé undir 5%, fari maki stjórnarmanns eða börn hans með ráðandi hlut í slíku fyrirtæki. Stjórnarmenn mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu eða segja sig frá stjórnarsetu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn sæti í þeirra stað fram að næstu kosningum til stjórnar. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. 4. mgr., 20.3. gr., að teknu tilliti til 7. mgr. sömu greinar.

Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

12. gr. Störf stjórnar

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda.

Stjórn skal vinna að stefnumótun fyrir félagið og vinna að framgangi þeirra mála sem félagið hefur sett sér að vinna að.

Stjórn skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins.

Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum félagsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir sem snúa að fjármálum. Hún skal sjá svo um að fjármál séu jafnan í góðu horfi svo sem bókhald og meðferð fjármuna.

Stjórn fylgist með störfum deilda eða starfsgreina sem starfræktar eru eða kunna að verða.

Stjórn hefur að öðru leyti vakandi áhuga fyrir því sem félaginu má verða til heilla.

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Stjórn er ekki heimilt að ráða stjórnarfólk eða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk og semur um kjör þess. Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.

Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.

13. gr. Stjórnarfundir

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skal það sem á fundunum gerist skráð í fundargerðarbók, í samræmi við starfsreglur stjórnar hverju sinni. Fundur er lögmatgur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Formaður sér um að boða til funda og stjórnar þeim. Ritari stjórnar sér um að fundargerðir séu ritaðar og varðveittar með öruggum hætti.

Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.

Halda skal fund ef a.m.k. fjórir stjórnarmenn krefjast þess. Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála.

14. gr. Trúnaðarráð

Í félaginu skal starfa trúnaðarráð sem skal vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins, s.s. við gerð kjarasamninga og meiriháttar framkvæmda á vegum félagsins. Auk þess skal trúnaðarráð gera annað það sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, varastjórnar, Ungliðaráðs og formanns Öldungaráðs stjórnir deilda sem verða til við sameiningu VR og annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til fjögurra ára í senn. Njóti formaður Öldungaráðs ekki kjörgengis samkvæmt. 3. gr. laga VR, skal viðkomandi hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum trúnaðarráðs, en ekki atkvæðisrétt. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar eftir því sem þurfa þykir eða þegar a.m.k. fjórir stjórnarmenn eða 15 fulltrúar úr trúnaðarráði krefjast fundar skriflega.

15. gr. Deildir

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum /atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsfólks í starfsgreinum / atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/ atvinnugreinarnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á ársfundi. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki þremur aðilum sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan deildarinnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

16. gr. Trúnaðarmenn

Formaður, fyrir hönd stjórnar félagsins, staðfestir val á trúnaðarmönnum á vinnustöðum og fullgildir skipun þeirra með erindisbréfi sem þeir starfa eftir.

Trúnaðarmenn skulu hafa eftirlit með að lögum félagsins og samþykktum og að samningum sé hlýtt.

Trúnaðarmenn eru tengiliðir starfsfólks á viðkomandi vinnustað við stjórn og starfsfólk félagsins. Að öðru leyti fer um starfsemi, réttindi og skyldur trúnaðarmanna að lögum og kjarasamningi félagsins.

17. gr. Samninganefnd

Samninganefnd skal vera starfandi í félaginu. Samninganefnd kemur fram fyrir hönd félagsins við gerð kjarasamninga. Stjórn félagsins er jafnframt samninganefnd þess. Stjórn er heimilt að kalla fleira félagsfólk til setu í samninganefnd eftir því sem þurfa þykir. Við gerð sérkjarasamninga, vinnustaða- eða fyrirtækjasamninga er samninganefnd heimilt að skipa minni samninganefnd.

Kröfugerð við gerð aðalkjarasamninga skal borin upp í trúnaðarráði til samþykktar áður en hún er lögð fram við samningagerð.

18. gr. Allsherjaratkvæðagreiðsla

Allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa:

Um kosningu stjórnar og trúnaðarráðs.

1. Um vinnustöðvun. Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsfólks eða starfsfólks á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til.
2. Um miðlunartillögu ríkissáttasemjara, eftir því sem við á.
3. Þegar trúnaðarráð eða lögmætur félagsfundur samþykkir að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu.

Við allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa almenna leynilega atkvæðagreiðslu meðal félagsfólks samkvæmt reglum ASÍ, nema sérstakar aðstæður hamli.

19. gr. Kjörstjórn

Kjörstjórn skal skipuð þremur aðilum við kosningar í félaginu, tveimur tilnefndum af stjórn félagsins og einum tilnefndum af Landssambandi íslenskra verzlunarmanna eða Alþýðusambandi Íslands. Tilnefna skal jafnmarga til vara. Kjörstjórn sér alfarið um framkvæmd kosninga samkvæmt reglugerð ASÍ.

20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs

20.1. Um kosningu formanns og stjórnar

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu fjórða hvert ár. Annað hvert ár skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og þrír varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgilds félagsfólks.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarfólk sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

20.2. Um kosningu í trúnaðarráð

Annað hvert ár skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til fjögurra ára í senn. Missi trúnaðarráðsliði hæfi til setu í ráðinu sbr. 3 mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn umfram 41 sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast þannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til tveggja ára.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgilds félagsfólks. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í

einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, eftir félagsfólki sem vill taka sæti á listanum.

Uppstillingarnefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal uppstillingarnefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá aðili sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

20.3. Um framkvæmd kosninga

Kjörstjórn úrskurðar um lögmati framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti ein vika.

Framboðum skal skila til kjörstjórnar og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félaga þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félaga þarf vegna framboðs til formanns. Framboðsgögnum má skila til kjörstjórnar á pappírsmáli á skrifstofu félagsins eða rafrænt.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 1% félagsfólks.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.

Kosning skal fara fram innan sex vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kosninga. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Halda skal kynningarfundum meðal félagsfólks krefjist einn eða fleiri frambjóðenda þess. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

20.4. Um kjörseðla og röðun á lista

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðlinum í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára og næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára.

Við kosningu til trúnaðarráðs:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann, sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð.

21. gr. Kjör á þing LÍV og ASÍ

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og þing Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Komi til allsherjaratkvæðagreiðslu um lista fulltrúa þarf samþykki allra þeirra sem á listanum eru að liggja fyrir. Til að listi sem borinn er fram gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR sé löglega fram borinn þarf hann skrifleg meðmæli 1% félagsfólks. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.

22. gr. Jafnræði

Við val á félagsfólki til trúnaðarstarfa fyrir félagið skal gætt jafnræðis milli kynja og milli starfsgreina.

23. gr. Aðalfundir

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok mars ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með tíu daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn er heimilt að halda aðalfund með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarfólks hvort sem það sækir fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsfólks á slíkum rafrænum aðalfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

24. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn ritari.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
4. Reikningar félagsins fyrir liðið almanaksár lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
6. Lýst kjöri formanns, stjórnar og trúnaðarráðs, þegar við á.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
10. Önnur mál.

25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsfólks krefst þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan sjö daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur sé hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með minnst tveggja daga fyrirvara. Mál, sem ekki hafa verið greind í auglýstri dagskrá félagsfundar er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn félagsins.

Heimilt er stjórn að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Fundargerðarbók skal haldin og í hana ritað ágrip af því sem fram fer á fundum félagsins. Stjórn er heimilt að halda félagsfundi með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarfólks hvort sem það sækir fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsfólks á slíkum rafrænum félagsfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka sem lögin setja og hér að ofan greinir.

26. gr. Sjóðir

Félagið rekur:

Félagssjóð, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð, Varasjóð og Vinnudeilусjóð.

Í reglugerð sjóðanna skal tilgreina hlutverk, tekjur, hvernig greiðslum úr sjóðnum er háttað og annað það er viðkemur rekstri sjóðanna.

Stjórn VR er stjórn sjóðanna en heimilt er að skipa sérstaka stjórn um hvern sjóð fyrir sig.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir með eftirfarandi hætti:

- a) í ríkisskuldabréfum, í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- c) á banka- eða sparissjóðsreikningum,
- d) í fasteignum tengdum starfsemi og markmiðum sjóðanna,
- e) á annan þann hátt er stjórn og trúnaðarráð meta tryggan.

27. gr. Reikningar

Stjórn félagsins leggur fram reikninga sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af honum og skoðunarmönnum félagsins. Skulu þeir liggja þannig frammi á skrifstofu félagsins og vefsíðu þess, félagsfólki til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

28. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjaratkvæðagreiðslu.

Í fundarboði skal þess getið að lagabreytingar séu á dagskrá.

Lagabreytingatillögur stjórnar skulu kynntar í trúnaðarráði.

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Á aðalfundi er eingöngu heimilt að gera breytingatillögur við þær lagabreytingar sem lagðar hafa verið fyrir félagsstjórn með þessum hætti. Aðrar breytingatillögur verða ekki teknar fyrir.

Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og vefsíðu félagsins í sjö daga fyrir aðalfund.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Breytingar á lögnum koma þá fyrst til framkvæmda er miðstjórn Alþýðusambands Íslands og stjórn Landssambands íslenskra verzlunarmanna hafa staðfest þær.

29. gr. Slit félagsins

Félaginu verður ekki slitið nema 3/4 alls félagsfólks samþykki það og þessari ákvörðun verður ekki breytt með tilvitnun til ákvæðis 28. gr.

Bráðabirgðaákvæði – Afbrigði kosninga árin 2025 og 2026:

Kosningar árið 2025 skulu vera með hinu nýja sniði í gr. 20.1 og 20.2. Árið 2026 er kosið til sjö sæta í aðalstjórn til eins árs og 41 sæta í trúnaðarráði til eins árs. Árið 2027 er kosið til sjö sæta í aðalstjórn til fjögurra ára og í varastjórn til tveggja ára. Kosinn er 41 fulltrúi í trúnaðarráð til fjögurra ára.

(Lög VR, samþykkt á aðalfundi VR 28. febrúar 1955 með áorðnum breytingum 19. febrúar 1958, 23. febrúar 1959, 10. febrúar 1965, 17. janúar 1967, 25. janúar 1969, 2. júní 1975, 11. febrúar 1976, 21. mars 1978, 18. mars 1991, 25. mars 2002, 14. mars 2005, 24. apríl 2006, 31. mars 2008, 2. apríl 2009, 11. janúar 2011, 27. apríl 2011, 10. apríl 2012, 26. mars 2014 og 25. mars 2015, 28. mars 2017, 19. mars 2018, 27. mars 2019, 9. júní 2020, 24. mars 2021, 29. mars 2023, 21. mars 2024, 26. mars 2025).

10. Lýst kjöri formanns, stjórnar og trúnaðarráðs

Fundarstjóri fór yfir aðdraganda og niðurstöður kosninga til forystu félagsins fyrir kjörtímabilið 2025 – 2029. Þann 23. janúar 2025 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið.

Auglýst var eftir framboðum til formanns til fjögurra ára, framboðum til sjö sæta í aðalstjórn VR til fjögurra ára og þriggja til vara til til tveggja ára sem og listaframboðum fyrir 41 sæti í trúnaðarráð til fjögurra ára. Framboðsfrestur var til kl. 12:00 á hádegi 3. febrúar 2024.

Alls bárust 4 einstaklingsframboð til formanns og 17 einstaklingsframboð til stjórnar og úrskurðaði kjörstjórn öll löglega fram borin. Einn frambjóðandi til stjórnar dró framboð sitt til baka innan þeirra tímamarka sem lögin veita. **Ekkert mótframboð barst í listakosningu til trúnaðarráðs.**

Atkvæðagreiðsla meðal kosningabærs félagsfólks VR stóð frá 6. mars til 12:00 að hádegi þann 13. mars. Atkvæðagreiðslan var rafræn. Atkvæðu greiddi 9.851 en á kjörskrá voru 40.117 VR félagar. Kosningaþátttaka var 23,9%.

Niðurstöður kosninga eru sem hér segir:

Formaður til fjögurra ára var kosin Halla Gunnarsdóttir.

Til aðalstjórnar til fjögurra ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR voru kosin:

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Andrea Rut Pálsdóttir
Karl F. Thorarensen
Jennifer Schröder
Styrmir Jökull Einarsson
Selma Björk Grétarsdóttir

Þrír varamenn í stjórn til tveggja ára voru kosin:

Þórir Hilmarsson
Birgitta Ragnarsdóttir
Eldar Ástþórsson

Niðurstöðurnar voru birtar á glærum. Fundarstjóri bauð nýkjörnum félögum að standa upp og var þeim fagnað með lófataki.

Fundarstjóri birti því næst á glæru lista yfir nýkjörna fulltrúa í trúnaðarráð og bauð þeim sem voru viðstaddir að standa upp.

Fundastjóri lýsti því næst formann, stjórn og trúnaðarráð réttkjörið til trúnaðarstarfa fyrir félagið samkvæmt lögum þess.

11. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna

Fundarstjóri kynnti tillögu um endurskoðanda fyrir reiknisárið 2025 sem hér segir:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand, miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan PWC hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2025.“

Opnað var fyrir umræður. Athugasemd var gerð við rangt ártal í tillögunni sem var leiðrétt. Fundarstjóri bar því næst tillöguna upp til samþykktar með handauppréttingu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þá bar fundarstjóri upp tillögu um tvo félagslega kjörna skoðunarmenn reikninga og varamann sem hér segir:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að skoðunarmenn VR, sbr. 27. gr. laga VR, verði Þóra Skúladóttir Öfjörð og Sveinn Enok Jóhannsson. Til vara verði Kristján Gísli Stefánsson.“

Opnað var fyrir umræður en enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykktar með handauppréttingu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

12. Ákvörðun félagsgjalds

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um óbreytt félagsgjalds sem hér segir:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af heildarlaunum, og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks frá og með sama tíma. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% renna í Félagssjóð VR og 0,05% renna í Vinnudeilusjóð VR.“

Opnað var fyrir umræður en enginn kvaddi sér hljóðs. Fundarstjóri bar þá tillöguna upp til samþykktar í handauppréttingu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

13. Ákvörðun um laun stjórnarfólks

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um laun stjórnarfólks sem hér segir:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að stjórnarlaun verði 81.612 kr. á mánuði fyrir komandi starfsár stjórnar. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum.

Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnarmenn 6.849 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR.

Auk þess er heimilt að greiða stjórnarfólki tímakaup vegna starfa fyrir félagið eins og vegna þinga ASÍ og LÍV, eða fyrir setu í ráðum og nefndum á vegum VR sem ekki er greitt sérstaklega fyrir. Greiðsla þessi jafngildir launatapi sem stjórnarfólk verður fyrir en að lágmarki greiðist tímakaup sem jafngildir meðal dagvinnukaupi félagsfólks VR í janúar 2025.

VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“

Opnað var fyrir umræður um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar þá tillöguna upp til samþykktar í handauppréttingu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

14. Ákvörðun um laun skoðunarmanna

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um laun skoðunarmanna reikninga félagsins sem hér segir:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að greiða hverjum skoðunarmanni VR 81.612 kr. á ári.“

Opnað var fyrir umræður um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar þá tillöguna upp til samþykktar í handauppréttingu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

15. Önnur mál

Engin önnur mál frá stjórn lágu fyrir fundinum. Fundarstjóri spurði fundargesti hvort þeir vildu ræða einhver önnur mál. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri óskar eftir samþykki fundarins fyrir því að hann gangi frá fundargerð ásamt fundarritara. Engin andmæli bárust.

Fundarstjóri bauð þá formanni félagsins að slíta fundi.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, kom í pontu og þakkaði fundarstjóra, fundarritara, túlkum og starfsfólki félagsins sem vann að undirbúningi fyrir fundinn fyrir góð störf og góðan undirbúning.

Hún sagði stór og mikil verkefni framundan hjá félaginu, nokkrar tillögur sem fundurinn samþykkti kölluðu á endurskoðun og breytingar, þar á meðal sameining við Leiðsögn og atkvæðagreiðsla um framtíðarskipan styrkjamála VR.

Hún þakkaði stjórn og trúnaðarráði gott samstarf á liðnu starfsári og hlakkaði til samstarfs við nýtt stjórnarfolk. Stjórn félagsins væri öflug og myndi án efa einhenda sér í þau verkefni sem framundan eru af mikilli framkvæmdagleði. Að lokum þakkaði Halla fundargestum fyrir kröftugan og skemmtilegan aðalfund og sleit fundi um kl. 22:40.

Fundinn sátu um 143 VR félagar þegar mest var, samtals á staðfundi og fjarfundi.

Undirritunarsíða

Steinunn Böðvarsdóttir

Guðmundur Birgir Ólafsson